

Sveitarstjórn Múlapings

Lyngáasi 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 12. febrúar 2024

M-2019-036

Efni: Beiðni um framkvæmdaleyfi: Bakkavörn á 200 m löngum kafla á bakka Háslóns í Kringilsárrana

Frá því að rekstur Kárahnjúkavirkjunar hófst hefur átt sér stað talvert rof á bakka Háslóns í Kringilsárrana. Í stjórnunar- og verndaráætlun 2017 – 2026 fyrir Kringilsárrana er tekið fram að séu bakkavarnir nauðsynlegar skulu slíkar framkvæmdir ákveðnar af Umhverfisstofnun í samstarfi við Landsvirkjun og Landgræðsluna. Á samráðsfundi um rannsóknir og vöktun í Kringilsárrana þann 28. nóvember 2018 lagði Landsvirkjun til að gert yrði tilraunaverkefni með allt að 180 m bakkavörn við norðurenda Kringilsárrana. Að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar (bréf dagsett 26. apríl 2019 og Fljótsdalshéraðs (framkvæmdaleyfi dagsett 24. maí 2019) var umrædd bakkavörn gerð í lok júní 2019.

Þess er hér með farið á leit, með vísan til skipulags og byggingarlaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, að sveitarstjórn Múlapings heimili framhald á þessu verkefni og er þar um að ræða 200 m bakkavörn til vesturs upp með farvegi Kringilsár.

Framkvæmdinni er lýst í meðfylgjandi framkvæmdaleyfisumsókn til Fljótsdalshéraðs dagsettri 5. mars 2020 og leyfisumsókn til Umhverfisstofnunar dagsettri 17. febrúar 2020. Meðfylgjandi er einnig leyfi Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdinni dagsett 27. febrúar 2020. Ekki varð af framkvæmdum vorið 2020 vegna erfiðra aðstæðna en umhverfis- og framkvæmdanefnd Fljótsdalshéraðs lagði til á fundi þann 11. mars 2020 að framkvæmdin yrði heimiluð og bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs heimilaði framkvæmdina á fundi þann 18. mars 2020.

Virðingarfyllst,

Óli Grétar Blöndal Sveinsson


Forstöðumaður

Helgi Jóhannesson

Verkefnisstjóri

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Framkvæmdaleyfisumsókn dagsett 5. mars 2020 ásamt fylgiskjöllum.



Sveitarstjórn Fljótshálsa
Lyngási 12
108 RVK

Staður, 05.03.2020
Tilvísun vor: M-2019-036

Efni: Beiðni um framkvæmdaleyfi: Bakkavörn á 200 m löngum kafla á bakka Háslóns í Kringilsárrana

Frá því að rekstur Kárahnjúkavirkjunar hófst hefur átt sér stað talvert rof á bakka Háslóns í Kringilsárrana. Í stjórnunar- og verndaráætlun 2017 – 2026 fyrir Kringilsárrana er tekið fram að séu bakkavarnir nauðsynlegar skulu slíkar framkvæmdir ákveðnar af Umhverfisstofnun í samstarfi við Landsvirkjun og Landgræðsluna. Á samráðsfundi um rannsóknir og vöktun í Kringilsárrana þann 28. nóvember 2018 lagði Landsvirkjun til að gert yrði tilraunaverkefni með allt að 180 m bakkavörn við norðurenda Kringilsárrana. Að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar (bréf dagsett 26. apríl 2019 og Fljótshálsa (framkvæmdaleyfi dagsett 24. maí 2019) var umrædd bakkavörn gerð í lok júní 2019.

Þess er hér með farið á leit, með vísan til skipulags og byggingarlaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, að sveitarstjórn Fljótshálsa heimili framhald á þessu verkefni og er þar um að ræða 200 m bakkavörn til vesturs upp með farvegi Kringilsár. Framkvæmdinni er lýst í meðfylgjandi leyfisumsókn til Umhverfisstofnunar dagsettri 17. febrúar 2020. Meðfylgjandi er einnig leyfi Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdinni dagsett 27. febrúar 2020.

Virðingarfyllt

Sigurður G. Sigurðsson
forstöðumaður

Helgi Jóhannesson
verkefnisstjóri

Fylgiskjöl:

Leyfi Umhverfisstofnunar dagsett 27. febrúar 2020

Beiðni um leyfi fyrir framkvæmd dagsett 17. febrúar 2020.

Landsvirkjun
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2020
UST202002-166/H.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Bakkavörn - Háslón í Kringilsárrana

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Landsvirkjunar, dagsett 18. febrúar 2020, um leyfi til framkvæmda innan friðlandsins Kringilsárrana.

Kringilsárrani er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsing nr. 181/2003. Allt jarðrask er þar bannað, svo og að skerða gróður eða trufla dýralíf. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins hefur Umhverfisstofnun heimild til að leyfa akstur vélknúinna farartækja og framkvæmdir vegna bakkavarna.

Lýsing verkefnis:

Á samráðsfundi um rannsóknir og vöktun í Kringilsárrana þann 28. nóvember 2018 lagði Landsvirkjun til að gert yrði tilraunaverkefni með allt að 180 m bakkavörn við norðurenda Kringilsárrana. Að fegnu leyfi Umhverfisstofnunar (bréf dagsett 26. apríl 2019 og Fljótsdalshéraðs (framkvæmdarleyfi dagsett 24. maí 2019) var umrædd bakkavörn gerð sama ár. Landsvirkjun óskar hér með eftir leyfi fyrir framhaldi á þessu verkefni og er þar um að ræða 200 m bakkavörn til vesturs upp með farvegi Kringilsár.

Bakkavarnir verða framkvæmdar með gröfu, traktor og sturtuvagni sem fara yfir Kringilsá á vaði skammt ofan við Kringilsárfoss. Bakkavarnir verða unnar frá lónstæðinu og áætlaður framkvæmdartími er 10 daga tímabil í byrjun júlí 2020. Efri brún bakkavarnarinnar mun nema við efri brún bakkans og hafa fláan 1:2. Ekki er gert ráð fyrir að flá niður bakkann heldur verður fyllt að bakkanum með fyllingarefni úr lónstæðinu. Í bakkavörnina þarf um 100m³ af fylliefni, 200m³ síuefni og 400 m³ af grjóti. Allt efni verður tekið úr lónstæðinu en þar er mikið af gröfu efni.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Vatnajökulshjóðgarðs þann 20. febrúar 2020 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Vatnajökulshjóðgarðs barst þann 21. febrúar 2020. Í umsögninni kemur fram að þjóðgarðsvörður á austursvæði Vatnajökulshjóðgarðs geri ekki athugasemd við umsókn Landsvirkjunar vegna framkvæmda við bakkavarnir í Kringilsárrana.

Ahrifamat:

Umhverfisstofnun metur það svo að framkvæmdin sé gerð til þess að draga úr neikvæðum áhrifum á friðlýsta svæðið til langs tíma. Framkvæmdin er unnin úr lónsstæðinu sjálfu svo ekki á að verða neitt rask á bakkanum, það er á friðlýsta svæðinu sjálfu.

Í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Kringilsárrana kemur fram að ef landbrot ógni verulega verndargildi svæðisins skuli gripið til aðgerða í því skyni að stöðva landbrotið. Aðgerðir skulu unnar í samráði við Umhverfisstofnun, að uppfylltum þeim skilyrðum sem stofnunin setur.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Landsvirkjun fyrir sitt leyti leyfi fyrir gerð bakkavarnar í Kringilsárrana á bökkum Háslóns sbr. lýsingu hér að ofan sumarið 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka þeim tækjum sem notuð verða við framkvæmdina að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis innan lónstæðisins.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg eða vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkis.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdina sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.


Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi forsætisráðuneytisins gæti þurft fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
sviðsstjóri


Arna Hjörleifsdóttir
sérfræðingur

Efni: Beiðni um leyfi fyrir framkvæmd: Bakkavörn á um 200 m löngum kafla á bakka Háslóns í Kringilsárrana

1. Inngangur

Frá því að rekstur Kárahnjúkavirkjunar hófst hefur átt sér stað talvert rof á bakka Háslóns í Kringilsárrana. Í stjórnunar- og verndaráætlun 2017 – 2026 fyrir Kringilsárrana er tekið fram að séu bakkavarnir nauðsynlegar skulu slíkar framkvæmdir ákveðnar af Umhverfisstofnun í samstarfi við Landsvirkjun og Landgræðsluna. Á samráðsfundi um rannsóknir og vöktun í Kringilsárrana þann 28. nóvember 2018 lagði Landsvirkjun til að gert yrði tilraunaverkefni með allt að 180 m bakkavörn við norðurenda Kringilsárrana. Að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar (bréf dagsett 26. apríl 2019 og Fljótsdalshéraðs (framkvæmdaleyfi dagsett 24. maí 2019) var umrædd bakkavörn gerð sjá teikningu 1 og myndir 1, 2 og 3.

Landsvirkjunar óskar hér með eftir leyfi frá Umhverfisstofnun fyrir framhaldi á þessu verkefni og er þar um að ræða 200 m bakkavörn til vesturs upp með farvegi Kringilsár.

2. Framkvæmd

Framkvæmdaraðili er Landsvirkjun. Staðsetning á umræddri bakkavörn er sýnd á teikningu 1 og á mynd 4.

Bakkavarnirnar verða framkvæmdar með gröfu (30 tonn), traktor (220 hestöfl) og sturtuvagni sem fara yfir Kringilsá á vaði skammt ofan við Kringilsárfoss. Bakkavarnirnar verða unnar frá lónstæðinu og áætlaður framkvæmdatími er 10 daga tímabil í byrjun júlí 2020.

Efri brún bakkavarnarinnar mun nema við efri brún bakkans og hafa fláa 1:2. Ekki er gert ráð fyrir að flá niður bakkann heldur verður fyllt að bakkanum með fyllingarefni úr lónstæðinu. Í bakkavörnina þarf um 100 m³ af fyllingarefni, 200 m³ af síuefni og 400 m³ af grjóti. Allt efnið verður tekið úr lónstæðinu en þar er mikið af gröfu efni sbr. myndir 1 til 4 og teikningu 1.

Bakkinn er um 1,0 m hár og gert er ráð fyrir að grjótvörn verði grafin a.m.k. 0,5 m niður í lónbotninn.

3. Umsagnir og leyfi

Auk leyfis frá Umhverfisstofnunar verður sótt um framkvæmdaleyfi frá Fljótsdalshéraði. Ekki þarf að sækja um þjóðlenduleyfi frá forsætisráðuneytinu því að slíkt leyfi liggur fyrir (bréf dagsett 30. júlí 2002).

Virðingarfyllt



Óli Grétar Blöndal Sveinsson
framkvæmdastjóri




Helgi Jóhannesson
verkefnastjóri



Mynd 1. Myndin sýnir bakkann áður en hann var grjótvarinn árið 2019.




Mynd 2. Myndin sýnir bakkann eftir að hann var grjótvarinn árið 2019.



Mynd 3. Myndin sýnir bakkann eftir að hann var grjótvarinn árið 2019.



Mynd 4. Myndin sýnir bakkann sem fyrirhugað er að grjótverja árið 2020.



Peth: L:\Teddi\Karahnjukur\Kringilsarrani\Háslón_Kringilsarrani_2020.aprx

- 2019**
- Virkar fokgirðingar 2019
 - Landbrotsmat Landgræðslan 2019**
 - Bakkabrot**
 - Ekkert eða mjög lítið
 - Lítilsháttar
 - Töluvert
 - Mikið
 - Landsvirkjun**
 - Háslón 625 mys 2 m hæðarlínur fyrir virkjun
 - Haed_625_droni_2015
 - Landbrotsmat Landgræðslan 2013**
 - Bakkabrot**
 - Ekkert eða mjög lítið
 - Lítilsháttar
 - Töluvert
 - Mikið
 - hlinur

Dags. vistunar: 18.2.2020 10:45

Skýrsla LV-2019-063 Landbrot á bökkum Háslóns í Kringilsárrana—úttekt 2019

Grunnkort: Innrauð dróna gróðurmynd tekin 2015
Rautt er gróður

Verk.: Háslón Kingilsárrani
Yfirlitskort

 Landsvirkjun

Teikning 1

Hnitakerfi: ISN93

Útgáfa:

Dags: 18.2.2020

Gert: HJ / ThTh